

60. sveitarstjórnarfundur, 04.05 2010, Végarði kl. 13.00

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Þórhallsson Þorvarður Ingimarsson og í stað Magnhildar Björnsdóttur var mættur Jón Þór Þorvarðarson. Magnhildur boðaði forföll, en mætir á fundinn síðar í dag.

Dagskrá

- 1. Skýrsla oddvita**
- 2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2009, fyrri umræða**
- 3. Samantekt um möguleika á lækkun húshitunarkostnaðar í Fljótsdalshrepp**
- 4. Tilnefning Eyjabakka á Ramsar skrá.**
- 5. Umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulagssvæði Laugarfells**
- 6. Verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs, ásamt fundargerðum svæðisráðs Austursvæðis 26. mars og 8. apríl**
- 7. Bygging hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum**
- 8. Deiliskipulag frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1**
- 9. Bréf**
 - a) Skipulagsstofnun dags. 23.02
 - b) Skipulagsstofnun dags. 01.03
 - c) Skipulagsstofnun dags. 16.03
 - d) Ríkisendurskoðun dags. 17.03
 - e) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 19.03
 - f) Vegagerðin dags. 23.03
 - g) Félag íslenskar atvinnuflugmanna dags. 25
 - h) Velferðarvaktin dags. 20.04
 - i) Þjóðskrá dags. 19.04
 - j) Minjasafn Austurlands dags. 15.04
 - k) Menningarráð Austurlands dags. 12.04
 - l) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 14.04
 - m) Vegagerðin dags. 29. 04
 - n) Vegagerðin dags. 29.04
- 10. Fjarbeiðnir**

Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju
- 11. Fundargerðir**
 - a) HAUST 10.03, meðfylgjandi er ársskýrsla HAUST 2009
 - b) Skólaskrifstofa Austurlands 11.03
 - c) Landbótasjóður 03.03-07.03-22.03
 - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 18.03
 - e) Verkefna-og rannsóknarsjóður 26.04
 - f) Brunavarnir á Austurlandi 16.04
 - g) Skilafundur vegna lagningar jarðstrengja 14.04
 - h) Skógarorka 14.04
 - i) Dvalarheimili aldraðra 22.03, ásamt ársreikningi 2009
- 12. Ljósleiðaraframkvæmdir**
- 13. Önnur mál**

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti skrifaði undir samning um fjármögnun endurnýjunar hreimreiðar að Skriðuklaustri við Vegagerðina 10. mars sl. Framkvæmdir eru hafnar.

Einnig hefur verið skrifað undir samning við Ferðamálastofu vegna fyrirhugaðra úrbóta á stíg að Hengifossi. Nokkuð er um að kvartað sé yfir stígnum af ferðamönnum og leiðsögumönnum þeirra.

12. og 15. mars var oddviti á námskeiði um skjalastjórnun. Námskeiðið var fjarkennt frá Endurmenntunardeild HÍ.

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra var haldinn á Egilsstöðum 22.03. Afkoma samlagsins er þokkaleg, en nokkur biðlisti eftir plássum, auk þess sem HSA vill gjarnan leigja íbúðir fyrir sína starfsemi. Húsnæðismál Dvalarheimilisins eru í skoðun, en aðstaða á sambylí aldraðra þar sem 8 einstaklingar búa er mjög þröng og óhentug.

Fræðslufundur um meðferð og flokkun sorps var í Végarði 24.03. Að sögn fulltrúa Íslenska Gámafélagsins sem mætti á fundinn hefur flokkun í Fljótsdal farið vel af stað og engin sérstök vandamál komið upp. Rúllplast var sótt á bæi um miðjan apríl. Kvörtun barst frá Sorpstöðinni um að mikið hafi verið um rúllplast í gám sem ætlaður er fyrir almennt sorp og tæmdur var eftir að sérstök söfnunarferð plasts var farin.

Frá ármótum hefur verið tölvvert um fundahald vegna flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og m.a. fór stýrihópur SSA um verkefnaflutninginn norður í land í lok mars til að kynna sér mismunandi form þjónustu við fatlaðra. Sveitarfélögin í Húnavatnssýslu, Skagafirði og Fjallabyggð eru með byggðasamlag um þjónustuna, en Akureyri er þjónustuveitandi sveitarfélag fyrir sveitarfélög í Eyjarfirði, Grenivík og Dalvík. Á auka-aðalfundi SSA 19. apríl sl. samþykktu sveitarfélög á Austurlandi tillögu stýrihóps SSA þess efnis að stofnað verði byggðasamlag með dreifri þjónustu um verkefnið. Með dreifri þjónustu er átt við að þjónusta við fatlaða verði veitt á heimili þeirra, eða sem næst því. Í framhaldi af samþykktu tillögu er gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við að útfæra hugmyndina m.a. með skoðun á að samið verði við félagsþjónustur á svæðinu til að ná sem bestri samlegð fyrir þjónustuþega.

Áfram er unnið á vegum SSA að “verkefninu Austurland eitt sveitarfélag” og 12. apríl funduðu vinnuhópar á Egilsstöðum með fulltrúum viðkomandi ráðuneyta, þar sem gerð var grein fyrir þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram.

Að beiðni skólaráðs Hallormsstaðaskóla kynnti oddviti nýjan skólasamning Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs á stefnuþingi skólans 15. apríl.

Fundur í stjórn Brunavarna á Austurlandi var haldinn 16. apríl, þar var lagður fram árskýrsla samlagsins og ársreikningur fyrir árið 2009. Samlagið skilaði nokkrum rekstarafgangi sem skýrist að mestu af aðkomu Seyðfirðinga að samlaginu, en einnig fækkaði útköllum á svæðinu nokkuð. Kostnaður við þennan málaflökk hjá Fljótsdalshreppi hefur margfaldast á undanförunum árum.

Forstöðumenn menningarmiðstöðva Austurlands heimsóttu Fljótsdal 21. apríl. Tilgangur ferðar þeirra var að kynna miðstöðvarnar sem ætlað er að vinna á svæðisvísu og jafnframt að fræðast um sveitarfélögin og þá menningartengdu starfsemi og húsnaði sem í boði er.

Fræðslufundur Verkefna-og rannsóknarsjóðs var í Végarði 21. apríl. Þar kynntu 3 styrkhafar verkefni sín og verða þær verkefnaskýrslur aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Jón Benjamínsson jarðfræðingur hefur afhent sveitarfélaginu nýja skýrslu “ Jarðhitaleit í Fljótsdalshreppi, borholugögn., Í skýrslunni er tekin saman gögn og niðurstöður um borholur.

Aðalfundir Þróunarfélags, Atvinnuþróunarfélags og Vaxtarsamnings Austurlands voru haldnir í Végarði 29. apríl. Árleg hvatningingarverðlaun Þróunarfélagsins hlaut að þessu sinni fyrirtækið Fjarðaprif

Vegna yfirstandandi skoðunar á stoðkerfi SSA var samþykkt að stjórnir og skoðunarmenn og endurskoðendur sitji áfram til haustsins, en þá á að liggja fyrir niðurstaða varðandi mögulegar breytingar á stoðkerfinu. Á auka-aðalfundi SSA 19. apríl var samþykkt tillaga þess efnis að fyrir aðalfund SSA næsta haust verði tekin endanleg ákvörðun um nýjan samstarfsvettvang og nýtt stjórnskipurit taki gildi um n.k. áramót.

Alþingi samþykkti nýverið breytingu á sveitarstjórnarlögum. Í lögnum er mælt fyrir um ársfjórðungsleg skil sveitarfélaga á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum, til afnota fyrir ráðuneytið, eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, aðra opinbera aðila og Samband íslenskra sveitarfélaga. Ljóst er að þessari lagabreytingu eykur tölvvert bókhaldskostnað Fljótsdalshrepps eins og margra annarra sveitarfélaga.

Skriðuklaustursrannsóknir hafa tekið að sér fornleifakönnun í Laugarfelli og í Víðivallaskógi (Urðarsel).

Samband íslenskra sveitarfélaga kannar áhuga og möguleika sveitarfélaga á að ráðast í viðhaldsverkefni á opinberum eignum. Möguleiki er á að fá endurgreiddan vsk vegna slíkra framkvæmda, en skattayfirvöld hafa túlkað slíkar heimildir þröngt. T.a. mynda ekki samþykkt endurgreiðslu vsk vegna endurbóta á húsnaði sem er í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga. Sambandið hefur óskað eftir við ríkið að skattayfirvöld rýmki túlkun sína.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið hvetur sveitarstjórnir og skólanefndir til að kynna sér skýrslu Námsmatsstofnunar um samræmd könnunarpróf í 4. 7. og 10 bekk 2009 og leiti leiða til úrbóta þar sem þurfa þykir. Skýrsluna má nálgast á vef Námsmatsstofnunar.

Jöfnunarsjóður hefur birt áætlun um úthlutuð framlög á árinu 2010. Samkvæmt þeirri áætlun fær Fljótsdalshreppur alls úthlutað framlögum 10,5 millj. Nýtt í framlögum Jöfnunarsjóðs eru framlög til sveitarfélaga vegna hækkaðs tryggingargjalds.

Dóms- og mannréttindaráðuneytið endurgreiðir sveitarfélögum kostnað vegna þjóðaratkvæðagreiðslu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og staðfestingu kjörstjórna á fjölda kjöstaða og kjósenda.

Landsvirkjun hefur sent 2 skýrslur : LV-2010/045 Hávellutalningar á Lagarfljóti og varpdreifing skúms á Úthéraði 2009 og LV-2010/051 Kortlagning á burðarsvæðum hreindyra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2009

Íris Dóróthea Randversdóttir kennari Hallormsstaðaskóla verður í námsleyfi skólaárið 2010-2011.

Gistihús við Végarð hafa verið færð á fasteignamatsskrá.

Í árlegri eftirlitsferð heilbrigðiseftirlits í Végarð er gerð athugasemd við að ekki eru til staðar pappírspurrkur í eldhúsi, ræstikompa ólæst og koma þarf á skilvirku eftirliti við þjónustu loftræstikerfi.

Fljótsdalshreppi hefur einnig borist afrit af eftirlitsskýrslu HAUST vegan Hallormsstaðaskóla. Gerðar eru margvíslegar athugasemdir við húsnæði skólans.

Ársfundur FSA (Sjúkrahúsið á Akureyri) hefur verið boðaður 5. maí.

ICLANDIC TIMES sem er nýtt ferðatímarit býður sveitarfélögum kynningu í blaðinu.

Gögn sem borist hafa:

Skýrsla um svör ungmenna um aukna samveru við fjölskyldu.

Handbók um kynjasamþættingu.

- 2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2009, fyrri umræða.** Farið yfir reikninginn og honum vísað til síðari umræðu.

Sveinn Ingimarsson og Þorsteinn Pétursson komu til fundar kl. 15.00

- 12. Ljósleiðaraframkvæmdir.** Sveinn og Þorsteinn skýrðu sjónarmið sín um lagningu ljósleiðara í Suðurdal. Einnig var rætt 3ja fasa rafmagn, um heimarafstöðvar og fleiri orkukosti. Æskilegt er að fá fram viðhorf RARIK til lagningar jarðstrengs í Suðurdal fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Þorsteinn skýrði frá fundi sem hann sat fyrir hönd sveitarfélagsins og varðar átak til að laða nýfjárfesta til Austurlands.

Sveinn og Þorsteinn yfirgáfu fundinn kl. 15.30.

(Magnhildur mætti til fundar kl 15:30 og Jón Þór yfirgaf hann.)

- 3. Samantekt um möguleika á lækkun húshitunarkostnaðar í Fljótsdalshrepp.** Skýrsla unnin af Lárusi Heiðarssyni skógræðingi. Sveitarstjórn fagnar útkominni skýrslu. Skýrslan verður send á alla bæji til kynningar.

- 4. Tilnefning Eyjabakka á Ramsar skrá.** Umhverfisráðuneyti vinnur að tilnefningu svæðisins á Ramsarskrá votlendis vegna alþjóðlegs mikilvægis þess. Sigurður Þráinsson deildarstjóri í ráðuneytinu var á fundi sveitarstjórnar í morgun ,kynnti tilnefninguna og óskaði eftir að sveitarstjórn fjallaði um málið. Gerð er tillaga um svæði austan Snæfells sem afmarkast af Hátungum í vestri , að

Laugarfelli í norðri og Geldingafelli í suðri og inn á jökul að Hnjúkafelli. Nafnið Eyjabakkar er ekki lýsandi fyrir svæðið eins og það er afmarkað. En um er að ræða Þóriseyjar, Snæfellsnes, Hafursárflóa ásamt Eyjabökkum. Sveitarstjórn leggur til að svæðið verði ekki tilnefnt undir nafninu Eyjabakkar, heldur verði því fundið annað lýsandi heiti. Samkvæmt erindi ráðuneytisins er ekki um að ræða viðbótartakmarkanir á verndun og nýtingu svæðisins, umfram það sem felst í núverandi friðun þessara svæða.

5. **Umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulagssvæði Laugarfells.** Skýrslan er unnin af Verkís. Samþykkt að kynna umhverfisskýsluna með auglýsingu.
6. **Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, ásamt fundargerðum svæðisráðs Austursvæðis 26. mars og 8. apríl.** Verndaráætlun er ennþá í vinnslu og stefnt er á auglýsingu hennar fljótlega. Gefst þá almenningi og hagsmunaaðilum kostur á að gera athugasemdir við hana.
7. **Bygging hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum.** Fljótsdalshérað er í viðræðum við ríkið um byggingu hjúkrunarheimilis sem þjóni Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi og Borgarfirði. Sveitarstjórn lýsir ánægju með þessar fyriráætlanir.
8. **Deiliskipulag frístundabyggðar Viðivöllum ytri 1.** Tillagan er unnin af Mannvit verkfræðistofu, sett fram á uppdrætti og í greinagerð dags. 13.04 2010. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og að auglýsa deiliskipulagið skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br.
9. **Bréf**
 - a. Skipulagsstofnun dags. 23.02. Sveitarfélögum er bent á að kynna skipulagstillögur með fullnægjandi hætti. Kynnt.
 - b. Skipulagsstofnun dags. 01.03. Ekki nægir fyrir sveitrstjórnir að staðfesta fundargerðar án umræðu. Kynnt.
 - c. Skipulagsstofnun dags. 16.03. Varðar greiðslu kostnaðar vegna aðalskipulagsgerðar. Skipulagsstofnun lítur svo á að öðrum aðilum en sveitarsjóði og eftir atvikum Skipulagssjóði, sé óheimilt að bera kostnað vegna aðalskipulagsgerðar Kynnt.
 - d. Ríkisendurskoðun dags. 17.03. Varðar ársreikning Landbótasjóðs. Kynnt.
 - e. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 19.03.. Staðfesting ráðuneytis á breytingu á Samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps, sem gerð var vegna skólanefndar Hallormsstaðaskóla. Kynnt.
 - f. Vegagerðin dags. 23.03. Kynning á drögum að matsáætlun um Austurleið (F923) um Hrafnkelsdal. Ekki gerðar neinar athugasemdir.
 - g. Félag íslenskar atvinnuflugmanna dags. 25.03. Ályktun um Reykjavíkurlugvöll áfram í Vatnsmýrinni. Tekið er heils hugar undir ályktuna.
 - h. Velferðarvaktin dags. 20.04. Efling umræðu um fjölbreytileg úrræði í barnavernd. Kynnt.
 - i. Þjóðskrá dags. 19.04. Viðmiðunardagur kjörskrár er 8. maí fyrir sveitarstjónarkosningarnar 29. maí.

- j. Minjasafn Austurlands dags. 15.04. Ósk um aukið fjáframlag á þessu ári, vegna fráviks í fjárhagsáætlun safnsins, alls kr. 1.350.000,-. Hlutur Fljótsdalshrepps væri kr. 142.740- Samþykkt með fyrirvara um samþykki annara sveitarfélaga sem að safninu standa.
- k. Menningarráð Austurlands dags. 12.04. Óskað er eftir tilnefningu sveitarfélagsins á aðalfund Menningarráðs Austurlands sem haldinn verður 12. maí á Eiðum. Sveitarstjórn tilnefnir Magnhildi Björnsdóttur sem sinn fulltrúa.
- l. Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags. 14.04. Varðar reglugerðarbreytingar um rafræna skráningar skjalavörslu sveitafélaga. Kynnt.
- m. Vegagerðin dags. 29. 04. Móttekin ósk um styrk í styrkvegasjóð.
- n. Vegagerðin dags. 29.04. Móttekin beiðni um viðbótarframkvæmdir við heimreiðar.

Þorvarður yfirgaf fundinn kl 17:30

10. Fjárbeiðnir

Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju. Óskað er eftir styrk vegna framkvæmda við kirkju og kirkjugarð Valþjófsstaðakirkju. Samþykktur styrkur kr. 500.000.-

11. Fundargerðir

- a. HAUST 10.03, meðfylgjandi er ársskýrsla HAUST 2009. Kynnt.
- b. Skólaskrifstofa Austurlands 11.03. Kynnt.
- c. Landbótasjóður 03.03-07.03-22.03. Kynnt .Jóhann afhenti sveitarfélaginu ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 15.04. s.l.
- d. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 18.03. Kynnt.
- e. Verkefna-og rannsóknarsjóður 26.04. Stjórn hefur úthlutað styrk til Halldóru Tómasdóttur.
- f. Brunavarnir á Austurlandi 16.04. Kynnt.
- g. Skilafundur vegna lagningar jarðstrengja 14.04. Kynnt.
- h. Skógarorka 14.04. Kynnt.
- i. Dvalarheimili aldraðra 22.03, ásamt ársreikningi 2009. Kynnt.

12. Önnur mál

- a) Erindi frá fasteigna- og þjónustufulltrúa Fljótsdalshéraðs varðandi malbikun á plani við Hallormsstaðarskóla. Samþykkt að standa að framkvæmdum á móti Fljótsdalshéraði og verður fjármagnið tekið af óráðstöfuðu eigin fé ,ef kostnaður rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar.
- b) Oddviti sagði frá ofteknum fasteignagjöldum vegna eigna á Hallormsstað, þannig að myndast hefur inneign hjá Fljótsdalshéraði. Samþykkt að leiðrétta þetta aftur til ársins 2004.
- c) Kjörstjórn er ekki fullskipuð þar sem aðeins eru tveir varamenn skipaðir en eiga að vera þrír. Samþykkt að skipa Sigríði Björnsdóttur varamann í kjörstjórn til loka kjörtímabils.
- d) Oddviti óskaði eftir að mega að afskrifa eldri fasteignagjöld vegna Pilsvangs, kr 17.919.-. Samþykkt.

- e) Landsvirkjun hefur sent gögn yfir landamerki og óska jafnframt eftir að fá sent landmerkjakort Fljótsdalshrepps þegar það er tilbúið.
- f) Oddviti óskar eftir að flytja ótekið orlof yfir á næsta orlofstímabil og það gert verði upp í júnílok n.k. Samþykkt.
- g) Oddviti kynnti skýrslu og kostnaðaráætlun vegna viðarkyndingar á Skriðuklaustri sem unnin var af Skógarorku ehf. Samþykkt að skoða málið áfram og kynna fyrir forsvarsmönnum Gestastofu, Gunnarsstofnunar og ábúendum á Skriðuklaustri.
- h) Fundargerð húsnefndar Végarðs 3.5.2010. Borist hefur umsókn frá Fljótsdalsgrund ehf um að fá að nýta eldhús og fundarsal í Végarði fyrir morgunverðaraðstöðu.
Oddviti vék af fundi og varaoddviti tók við fundarstjórn undir þessum lið.
Samþykkt að fela Magnhildi að setja upp samning með svipuðu sniði og samningur Fljótsdalshrepps og Klausturkaffis.
- i) Oddviti verður í leyfi 10.-15. maí.
- j) Oddviti ræddi um fyrirkomulag á húsvörslu við Végarð og hvort tilefni væri til að ráða starfskraft til þess og fleiri verkefna á vegum sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða að slíta fundi, nú þegar fundur hefur staðið nær samfellt í 10 klst. þ.e. kl 20:00.

Þorvarður og Magnhildur rituðu fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
 Jóhann F. Þórhallsson (sign)
 Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
 Magnhildur Björnsdóttir (sign)